

Djúpavogi, 16. mars 2020

Til nýrrar sveitarstjórnar  
fyrrum Djúpavogshrepps  
o.fl. sameinaðra sveitarfélaga austanlands

Vísa til áður sends erindis vegna sérstöðu, tengdri fasteignagjöldum.

- Sorphreinsunarbíll kemst ekki að gamalli búsetu. Gæti t.d. ekki snúið við húsið og þyrfti að aka aftur á bak 100 - 150 m leið, og gerði þá endanlega út af við gönguslóð, sem ekin er.

- Lífrænn úrgangur jarðgerður til ræktunar kartaflna og annars til heimilisnota. Neysluvenjur í sérstöðu. Lágmarks-umbúðir aðkeypts flokkað af smásmygli og komið í réttan farveg, svo og annað, t.d. pappír. (Gengið hefur verið með efnið til förgunar). Póstur sóttur. Engin heimilisaðstoð.

Íbúar: Tvær aldraðar systur, önnur gjörgæslusjúklingur frá 2006. Engin heimilisuppbót. Engar greiðslur til annarrar frá Tryggingastofnun.

(Utan við erindi: Ekki sjónvarp á heimilinu, engin tölva, m.a. vegna þess að engin tölvukennsla er fyrir hendi. Óþarft að útskýra, að slíkt er hamlandi í nútímanum. Dæmi: endurgreiðsla virðisaukaskatts (að hluta) veldur meiri háttar fyrirhöfn og kostnaði).

- Erindi vegna greiddra gjalda fyrir sorphirðu var sent fyrrum sveitarstjórn; - haft í gamansömum stíl í formi "tersína", síðar sem "oktövu" (ítalskir ljóða-hættir frá 13. öld). Gamninu fylgdi að sjálfsögðu alvara. - Eftir á að hyggja fólst góður og velbeginn húmor í "oktövu"-svari sveitarstjórnar. (Sbr. fyrri og síðari hluta Gunnarshólma J.H.).

Hér er sem sé snúið aftur að erindislokum, sem viðkomandi settir sig ekki við.

Í huga er, að Djúpavogur kennir sig við hina ítölsku Cittaslow-hreyfingu, sem vonandi á sér innistæðu, en sé ekki eingöngu skrautfjöður í hatt eða rós í hnappagat.

Rétt er að geta að undirrituð greiðir að sjálfsögðu sorphirðu fyrir nýbyggt íbúðarhús, að hluta til leigt, að hluta tómt.

Efnið annars fúslega rætt og gefnar nánari skýringar, ef óskað.


Virðingarfyllst,

Kristín Vilhelmlína  
Sigfinnsdóttir

260543-2969

Hjálagt:

"Oktövu" - Atthendur  
Málamíðlun ...



Djúpavogi,  
föstudaginn 13. mars 2020.

Oktövu gegn októvu sveitarstjórnar,  
sbr. samþykktu bókun 12.3.'20 og bréf þann þrettánda.

### Málamiðlun um sorptunnur.

Oktövuna snjalla áðan leit,  
eigi þó svörin vísu meta kunnir.  
Samþykktir skrytnar þrífast, víst ég veit,  
og vísast hrekkur blótsyrði af munni.  
"Nota bene":<sup>1)</sup> björg er mörg, - í sveit,  
(sem bernsku frá, til elli, heitt ég unni)<sup>2)</sup>  
- Samþykk, nú borgist tunna tóm sem þanin,  
en, - tunnur, - ei til staðar, - nei, - "for fanen":<sup>3)</sup>

Þessu á efni finna mætti flöt.  
Fúslega má hin ýmsu göt í stoppa.  
- Valfrjálsar tunnur. - Heimskra hegðun löt  
haugfyllir allt,<sup>4)</sup> - vor jörð ein drullusoppa.  
Að furðu ei verði fasteignanna mót,<sup>5)</sup>  
- féþúfu, sem má auðveldlega kroppa.  
Sorptunnu-fári fagni menn að linni.  
Friður og spekt við enda Hammersminni.

Aldraðir þegnareiga skulu rétt,  
ofneyslu-tunnum samfélags að hafna,  
sé kolefnis-fótspor húshalds harla nett.  
- Helst skal á jörðu andans fóðri safna.  
Virt skal og haldið boðorð, stétt með stétt.  
Í striti ofneyslunnar margir kafna.  
- Að nægjusöm kona níu tunnur hafi,  
noti enga, - og borgi, - það er klafi.

---

### Ritskýringar:

- 1) Latínusletta þessi, - vel að merkja - algeng hér sem víðar, í talmáli fyrrum.
- 2) Lesist "þanen"; þ.e. rímsins vegna, með fornum og fögrum austfirskum framburði, ólíkum nútíma-hljóðvillu.
- 3) Á Djúpavogi, sem víðar fyrrum, blótað uppá dönsku, með þessum hætti, -héldu menn fast við sinn málstað og væru hneykslaðir.
- 4) Sbr. þann mannlega breyskleika að fylla allt sem fyrir er. (Elstu ritaðar heimildir og tilskipanir).
- 5) Illu heilli féll þessi leiða fleirtala skrifinnskunnar inn í rímið; -hespað af. og vegna tímaskorts ekki umritað.

260543-2969